

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 34/2020

frá 20. mars 2020

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/716 frá 30. apríl 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 22/2013 og (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu sýflúmetófeni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1589 frá 26. september 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin amíðósúlfúrón, betasýflútrín, bífenox, klórótólúrón, klófentesín, klómasón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, díkamba, dífenókónasól, díflúbensúrón, díflúfeníkan, fenoxapróp-P, fenprópídín, flúdíoxóníl, flúfenaset, fosfíásat, indoxakarb, lenasíl, MCPA, MCPB, níkósúlfúrón, píklóram, prósúlfókarb, píriproxýfen, píófanatmetýl, tríflúsúlfúrón og trítósúlfúrón ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1605 frá 27. september 2019 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Bacillus subtilis* af stofni IAB/BS03, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1690 frá 9. október 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu alfasýpermetrín sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 122, 10.5.2019, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 248, 27.9.2019, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 49.

um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.

5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

- „– **32019 R 0716**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/716 frá 30. apríl 2019 (Stjtið. ESB L 122, 10.5.2019, bls. 39),
- **32019 R 1589**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1589 frá 26. september 2019 (Stjtið. ESB L 248, 27.9.2019, bls. 24),
- **32019 R 1605**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1605 frá 27. september 2019 (Stjtið. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 49),
- **32019 R 1690**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1690 frá 9. október 2019 (Stjtið. ESB L 259, 10.10.2019, bls. 2).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 13zx (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 22/2013):

„, breytt með:

- **32019 R 0716**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/716 frá 30. apríl 2019 (Stjtið. ESB L 122, 10.5.2019, bls. 39).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzh (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1138):

- „13zzzzzzzzzi. **32019 R 1605**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1605 frá 27. september 2019 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Bacillus subtilis* af stofni IAB/BS03, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 259, 10.10.2019, bls. 2.

framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 49).

13zzzzzzzzzzj. **32019 R 1690:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1690 frá 9. október 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu alfasýpermetríni sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 259, 10.10.2019, bls. 2).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/716, (ESB) 2019/1589, (ESB) 2019/1605 og (ESB) 2019/1690, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.